

# Sjálfstætt starfandi einstaklingar

---

## Ávinnsla - sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar eru þeir sem er gert að standa mánaðarlega skil á staðgreiðslugögnum vegna reiknaðs endurgjalds og tryggingagjalds til skattfirvalda og greiðslum til innheimtumanns ríkissjóðs.

Þeir sem eru eigendur og ábyrgðaraðilar einkahlutafélags sbr. yfirlit úr hlutafélagaskrá eiga rétt til atvinnuleysistrygginga samkvæmt reglunum um sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur staðið mánaðarlega skil á staðgreiðslugögnum vegna reiknaðs endurgjalds og tryggingagjalds til skattfirvalda **á síðustu tólf mánuðum** og greiðslum til innheimtumanns ríkissjóðs áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar getur átt rétt á óskertum atvinnuleysisbótum.

Sá sem hefur staðið mánaðarlega skil á staðgreiðslugögnum vegna reiknaðs endurgjalds og tryggingagjalds til skattfirvalda og greiðslum til innheimtumanns ríkissjóðs **í skemmri tíma en tólf mánuði en lengri tíma en þrjá mánuði** á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar getur **átt rétt á hlutfallslegum** atvinnuleysisbótum.

Þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur greiðir tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi aftur í tímam **eftir að hafa verið í vanskilum** við innheimtumann ríkissjóðs, getur Vinnumálastofnun tekið til greina **síðustu þrjá mánuði af þeim tíma er vanskilin** áttu við um. Réttur hans er í hlutfalli við fjölda greiddra mánaða, þ.e. þrjú mánuðir veita 25% rétt, sex mánuðir 50%, 12 mánuðir 100% osfrv.

## Verulegur samdráttur hjá sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi einstaklingur þarf ekki að stöðva rekstur sinn til að eiga rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði fram til 1. maí 2009. Nægilegt er að tilkynna til skattfirvalda um verulegan samdrátt í rekstrinum sem leiðir til tímabundins atvinnuleysis sjálfstætt starfandi einstaklings og er það gert með því að **útfylla RSK 5.02 og skila til skattstjóra.**

Með verulegum samdrætti er átt við að fram komi veruleg lækkun á reiknuðu endurgjaldi frá því sem var á fyrra tekjuári sem og að reksturinn hafi **nánast stöðvast fyrir utan einstaka tilfallandi verkefni.**

Þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur tilkynnt um verulegan samdrátt til skattfirvalda getur hann sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar og þarf þá að skila inn staðfestingu skattfirvalda um að tilkynningin hafi borist þeim. Hið sama gildir um þá sem eru eigendur og ábyrgir fyrir rekstri einkahlutafélaga skv. hlutafélagaskrá. Er þessum einstaklingum heimilt að hafa tilfallandi tekjur að fjárhæð 100.000,- kr. á mánuði.

Á þeim tíma sem sjálfstætt starfandi einstaklingur fær greiddar atvinnuleysisbætur án þess að hafa stöðvað rekstur skal hann gera **grein fyrir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi mánaðarlega** og **skilum á virðisaukaskattsskýrslu** samkvæmt skráningu hans í grunnskrá virðisaukaskatts til skattfirvalda á tveggja mánaða fresti.

## Tekjutengdar atvinnuleysisbætur

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklinga skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og **skal miða við tekjuárið á undan því ári** sem umsækjandi varð atvinnulaus.

## Tekjur sjálfstætt starfandi einstaklinga

Sjálfstætt starfandi einstaklingi er heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta. **Sjálfstætt starfandi einstaklingur getur haft allt að 100.000 kr. á mánuði í reiknað endurgjald** fyrir þessi verkefni **áður en kemur til skerðingar** á atvinnuleysisbótum hans. Þessi regla gildir til 1. maí 2009.

**Aðrar tekjur**, s.s. tekjur af launavinnu, fjármagnstekjur, leigutekjur osfrv., sem sjálfstætt starfandi einstaklingur kann að hafa á sama tímabili **koma til frádráttar atvinnuleysisbótum** hans samkvæmt almennum reglum í lögum um atvinnuleysisstryggingar.

## Ársmenn

Þeir sem hafa einungis staðið skil á reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi einu sinni á ári til skattfyrivalda eru ekki sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laga um atvinnuleysisstryggingar og eiga því ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Ef ársmenn eiga **áunnin rétt sem launamenn** geta þeir átt rétt til atvinnuleysisstrygginga sem launamenn en þurfa að skila inn upplýsingum um rekstur frá skattstjóra.

## Rekstur stöðvaður

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hann hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Þegar metið er hvort starfsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra. Heimilt er að taka tillit til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá vegna eignasölu enda hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur lagt fram yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist hætta rekstri.

Umsækjendur um atvinnuleysisstryggingar sem hafa hætt rekstri eru samþykktir skv. lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar.

## Umsókn og nauðsynleg fylgigögn

### A. Samdráttur í rekstri – sjálfstætt starfandi

Eftirfarandi gögn þarf að leggja fram þegar sótt er um atvinnuleysistryggingar vegna samdráttar í rekstri. Tilkynna þarf til skattstjóra um samdrátt í rekstri á eyðublaði [RSK 5.02](#)

### Sjálfstætt starfandi - Einstaklingur

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn um atvinnuleysistryggingar

1. Staðfest afrit af eyðublaðinu [RSK 5.02](#)
2. Mynd 06 frá skattstjóra.
3. Mynd 8B frá skattstjóra, “Reiknuð laun” fyrir núverandi ár og árið á undan.

Til að viðhalda umsókn um atvinnuleysistryggingar þarf að skila til Vinnumálastofnunar

1. Mynd 8B frá skattstjóra, Reiknuð laun”. Skilist inn mánaðarlega
2. Afrit af virðisaukaskattsskýrslu [RSK 10.01](#) á tveggja mánaða fresti, staðfest af skattstjóra, innheimtumanni ríkissjóðs eða banka.

### Sjálfstætt starfandi - ehf

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn

1. Staðfest afrit af eyðublaðinu [RSK 5.02](#)
2. Mynd 8B frá skattstjóra, “Launagreiðandi” fyrir núverandi ár og árið á undan.
3. Mynd 7G frá skattstjóra.

Til að viðhalda umsókn um atvinnuleysistryggingar þarf að skila til Vinnumálastofnunar

1. Mynd 8B frá skattstjóra, “Launagreiðandi”. Skilist inn mánaðarlega
2. Afrit af virðisaukaskattsskýrslu [RSK 10.01](#) á tveggja mánaða fresti, staðfest af skattstjóra, innheimtumanni ríkissjóðs eða banka.

Athygli er vakin á því að öll almenn skilyrði laganna um atvinnuleysistryggingar þurfa að vera uppfyllt og gæta þarf þess að afla annarra gagna þegar það á við t.d.:

- Læknisvottorð ef um skerta vinnufærni er að ræða.
- Upplýsingar um aðrar tekjur s.s. vegna hlutastarfs, tilfallandi vinnu, lífeyris og/eða örorku, fjármagnastekjur ofl.
- Skattkort
- Staðfestingu frá skóla þar sem fram kemur fjöldi eininga, tímabil náms og námshlutfall.
- Lögskráningadagavottorð
- Vottorð vinnuveitenda

## B. Rekstri hætt – sjálfstætt starfandi

Eftirfarandi gögn þarf að leggja fram þegar rekstri er hætt og sótt er um atvinnuleysistryggingar. Tilkynna þarf til skattstjóra um að rekstri sé hætt á eyðublaði [RSK 5.04](#)

### Sjálfstætt starfandi - Einstaklingur

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn um atvinnuleysistryggingar

1. Staðfest afrit af eyðublaðinu [RSK 5.04](#)
2. Mynd 06 frá skattstjóra.
3. Mynd 8B frá skattstjóra, “Reiknuð laun” fyrir núverandi ár og árið á undan.

Til að viðhalda umsókn um atvinnuleysistryggingar þarf að skila til Vinnumálastofnunar

1. Afrit af virðisaukaskattsskýrslu [RSK 10.01](#) á tveggja mánaða fresti, staðfest af skattstjóra, innheimtumanni ríkissjóðs eða banka (ef virðisaukaskattúmer er enn opið).

### Sjálfstætt starfandi - ehf

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn

1. Staðfest afrit af eyðublaðinu [RSK 5.04](#)
2. Mynd 8B frá skattstjóra, “Launagreiðandi” fyrir núverandi ár og árið á undan.
3. Mynd 7G frá skattstjóra.

Til að viðhalda umsókn um atvinnuleysistryggingar þarf að skila til Vinnumálastofnunar

1. Afrit af virðisaukaskattsskýrslu [RSK 10.01](#) á tveggja mánaða fresti, staðfest af skattstjóra, innheimtumanni ríkissjóðs eða banka (ef virðisaukaskattúmer er enn opið).

Athygli er vakin á því að öll almenn skilyrði laganna um atvinnuleysistryggingar þurfa að vera uppfyllt og gæta þarf þess að afla annarra gagna þegar það á við t.d.:

- Læknisvottorð ef um skerta vinnufærni er að ræða.
- Upplýsingar um aðrar tekjur s.s. vegna hlutastarfs, tilfallandi vinnu, lífeyris og/eða örorku, fjármagnstekjur ofl.
- Skattkort
- Staðfestingu frá skóla þar sem fram kemur fjöldi eininga, tímabil náms og námshlutfall.
- Lögskráningadagavottorð
- Vottorð vinnuveitenda